

## Heimsókn Barry Millington og Deborah Calland.

### 1. Fyrirlestur Millingtons með tóndæmum 3. nóv. kl. 17:

Fyrirmyndir Wagners að tónlistinni í Tristan og Isolde. Fjallað verður um áhrif frá tónskáldunum Spohr, Bellini, Beethoven og Berlioz og rætt um athyglisverða notkun Wagners á tónaljóðinu "Nirwana" eftir Hans von Bülow. Síðustu taktana úr því verki notaði Wagner og umbreytti í hina stórfenglegu og óviðjafnanlegu tónlist Ástardauðans (Liebestod).

Stund og staður: Föstudagur 3. nóvember kl. 17 í Tónlistarskólanum í Reykjavík Laugavegi 178, 4. hæð. *Aðgangur ókeypis.*

### 2. Fyrirlestur Millingtons á Hótel Holti 4. nóv. kl.18:

Wagner og annað fólk (Wagner as a Social Being). Athugun á félagslegum kringumstæðum skoðana og háttalags Wagners í ljósi tilhneiginga til að gera skrattra úr honum. *Aðgangur ókeypis.*

### 3. Tónleikar Deborah Calland trompet og Barry Millington orgel:

Í Dómkirkjunni í Reykjavík sunnudaginn 5. nóv. kl. 17.00. Efnisskrá (sjá baksíðu). Aðgangseyrir kr. 1000. Mætið vell!

#### **Um Barry Millington.**

Hinn þekkti breski Wagnersérfræðingur Barry Millington kom til Íslands vorið 1994 og hélt þá rómaðan fyrirlestur um Richard Wagner á málþingi Listahátíðar í tengslum við sýningu Niflungahringsins í Þjóðleikhúsinu. Millington hefur skrifað og/eða ritstýrt fimm bókum um Wagner, m.a. bókina "Wagner" í bókaraðinni Master Musicians, handbækurnar "The Wagner Compendium" og "The Ring of the Nibelung: A Companion". Auk þess hefur hann ritað fjölda greina, m.a. um Wagner í The New Grove Dictionary of Opera. Árið 1999 var hann dramaturgískur ráðgjafi við hina nýju Lohengrin uppfærslu í Bayreuth. Millington skrifar tónlistargagnrýni fyrir The Times og er einn af ritstjórum BBC Music Magazine. Hann er einnig þekktur fyrir fyrirlestra sína og útvarpsþætti. Sem orgelleikari hefur hann haldið tónleika ásamt konu sinni Deborah Calland trompetleikara víða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Hann hefur nýlega komið á fót tónlistarhátíð "The Hampstead & Highgate Festival", sem haldin var í fyrsta sinn í júní 1999.

#### **Um Deborah Calland**

Deborah Calland stundaði nám við Royal Academy of Music í London. Eftir að námi lauk hefur hún leikið víða sem einleikari á trompet bæði í Bretlandi og eins í Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi, Danmörku og Finnlandi. Hefur hún hlotið lofsamlega dóma fyrir leik sinn. Deborah Calland hefur sérstaklega lagt sig eftir flutningi á minna þekktum trompetverkum og gegnt mikilvægu hlutverki við að stækka "repertoire" þessa hljóðfæris. Tónskáldin Bent Lorentzen, Einojuhani Rautavaara, Rhian Samuel og John Hawkins hafa skrifað verk sérstaklega fyrir hana. Deborah Calland fæst einnig við skriftir, skrifar m.a. gagnrýni fyrir BBC Music Magazine.

# Trompet og orgel tónleikar

## Deborah Calland og Barry Millington

í Dómkirkjunni í Reykjavík 5. nóvember kl. 17.00

Henry Purcell (1659-95)

Sónata í D dúr

Allegro

Adagio

Allegro

Jeremiah Clarke (c1673-1707) og  
John Shore (c1662-1707)

Shore's Musick:

Prince Eugene's March

Shore's Trumpet

Cibelle

Trumpett

Trumpet Minuet

Shoar's New Trumpett Tune

Marlborough's Funeral March

Shore's Tune

*einleikur á orgel*

Thomas Arne (1710-78)

Sónata III

Prelude

Allegro

Aaron Copland (1900-90)

Quiet City

*einleikur á orgel*

Frank Bridge (1879-1941)

Adagio í E dúr

Petr Eben (1929-)

Windows:

Blue Window: Reuben

Green Window: Issachar

Red Window: Zebulon

Golden Window: Levi